

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, íbúðarsvæði 3.21.1 Íb, Naustahverfi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 11. september 2013 breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar þann 22. ágúst 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 26. ágúst 2013.

Í breytingunni felst að opið svæði til sérstakra nota 3.21.7 O minnkar um 2,8 ha með stækkun íbúðarsvæðis 3.21.1 Íb ásamt tilfærslu marka íbúðarsvæðisins. Skilgreiningu hins opna svæðis er breytt úr íþróttasvæði í útivistarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 11. september 2013.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 25. september 2013